

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfossi

Garðabær, 29. ágúst 2025
202507-0108/A.B.
08.02

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Búgarðabyggð í landi Byggðarhorns, lóðir 7 og 56 - Sveitarfélagið Árborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar er barst 18. júlí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Búgarðabyggð í landi Byggðarhorns.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða að lóð 7, sem er í nógildandi skipulagi ríflega 7,7 ha. að stærð, verði skipt upp í 3 lóðir, sem verða frá 2,4 - 2,6 ha. að stærð. Lóð 56, sem er í núverandi skipulagi skráð 6,68 ha. verði skipt upp í tvær lóðar, annarsvegar um 4,17 ha. og hins vegar um 2,5 ha. að stærð.

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdir á svæðinu geta haft áhrif á fuglalíf og bendir stofnunin á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Friðun tekur einnig til eggja og hreiðra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sömu laga skuli ávallt gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun ber að taka sérstakt tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. einnig lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Mófuglar á borð við spóa, lóu og hrossagauk eru dæmigerðar tegundir sem nýta opin svæði og eru þessar tegundir viðkvæmar fyrir raski og truflun og njóta auk þess alþjóðlegrar verndar. Uppskipting lóða og fjölgun mannvirkja getur leitt til minnkandi búsvæða og skert varplíkur fugla sem eru háðir opnu landi. Samkvæmt nýlegum rannsóknum þá eiga mófuglar á Suðurlandi undir höggi að sækja.¹

Náttúruverndarstofnun leggur því áherslu á að við frekari skipulagsvinnu verði fuglalíf og búsvæði þess kortlögð og metin, og að gripið verði til mótvægisáðgerða ef þörf krefur.

¹ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur